

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 739/2000**2002/EES/12/13**

frá 7. apríl 2000

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2439/1999 um skilyrði vegna leyfis fyrir aukefnum í fòðri í flokknum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“ (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fòðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2690/1999 ⁽²⁾, einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2439/1999 frá 17. nóvember 1999 um skilyrði vegna leyfis fyrir aukefnum í fòðri í flokknum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“ ⁽³⁾ er mælt fyrir um bráðabirgðahámarks magn díoxíns í kaólinleir og kveðið á um að skylt sé að fylgjast með því hvort díoxín finnist í öðrum leyfðum aukefnum í flokknum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni.
- 2) Samkvæmt fyrrnefndri reglugerð skal framkvæmdastjórnin taka ákvæði viðkomandi reglugerðar til endurskoðunar fyrir 1. mars 2000 með hliðsjón af rannsóknnum sem hafa verið gerðar, niðurstöðum eftirlitsáætlunarinnar og fullnaðaráhættumati. Rannsóknir og eftirlitsáætlunin eru yfirstandandi og fullnaðaráhættumat liggur ekki enn fyrir. Því er við hæfi að framlengja ráðstafanirnar, eins og mælt er fyrir um í reglugerð nr. 2439/2000, til 15. október 2000.

- 3) Fullnægjandi eftirlitsgögn um tilvist díoxíns hafa verið lögð fram fyrir náttúrulegar blöndur steatíts og klóríts (E 560), sepiólíta (E 562) og sepiólítkenndan leir (E 563). Þessi gögn, sem koma frá ýmsum aðildarríkjum og/eða eru ólík að uppruna, benda til þess að þessi aukefni séu ekki díoxínmenguð eða innihaldi díoxín neðan ákvörðunarmarka við greiningu.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fòður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2439/1999 er breytt sem hér segir:

1. Í stað dagsetningarinnar „1. mars 2000“ í 1. gr. komi „15. október 2000“.
2. Í stað viðaukans komi viðaukinn við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 29. febrúar 2000.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 87, 8.4.2000, bls. 14, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 326, 18.12.1999, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 8.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

EB-númer	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					mg/kg heilfóðurs			
Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni								
E 330	Sítrónusýra	C ₆ H ₈ O ₇	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fóður Ákvæðum g-liðar 1. mgr. 16. gr. hlítt	Án tímamarka
E 470	Natríum, kalíum og kalsíumsteröt	C ₁₈ H ₃₅ O ₂ Na C ₁₈ H ₃₅ O ₂ K C ₃₆ H ₇₀ O ₄ Ca Hámarksdíoxíninnihald: (1)	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fóður	Án tímamarka
E 516	Kalsíumsúlfat, tvívetni	CaSO ₄ .2H ₂ O Hámarksdíoxíninnihald: (1)	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	30 000	Allt fóður	Án tímamarka
E 551a	Kísilsýra, botnfelld og þurrkuð	— Hámarksdíoxíninnihald: (1)	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fóður	Án tímamarka
E 551b	Kísill sem myndar sviflausn	— Hámarksdíoxíninnihald: (1)	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fóður	Án tímamarka
E 551c	Kísilgúr (vatnað kísiltvíoxíð, hreinsað)	— Hámarksdíoxíninnihald: (1)	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fóður	Án tímamarka
E 552	Kalsíumsílikat, nýmyndað	— Hámarksdíoxíninnihald: (1)	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fóður	Án tímamarka
E 554	Natríumálsílikat, nýmyndað	— Hámarksdíoxíninnihald: (1)	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fóður	Án tímamarka

EB-númer	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					mg/kg heilföðurs			
E 558	Bentónít-montmórrillónít	— Hámarksdíoxíninnihald: ⁽¹⁾	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	20 000	Allt fôður Blöndun við aukefni úr flokkum „sýklalyfja“, „vaxtarhvata“, „hníslalyfja og annarra lyfja“ er óheimil, nema þegar um er að ræða natríum-mónensín, narasín, natríumlasalósíð, flavófosfólípól, natríum-salínómýsín, níkarbasín og róbenídín. Nákvæmt heiti aukefnisins skal koma fram á merkimiða.	Án tímamarka
E 559	Kaólinleir án asbests	Blöndur steinefna úr náttúrunni sem innihalda að minnsta kosti 65% samsett, vötnuð álsilíkött með kaólinít sem aðalinnihaldsefni. Hámarksdíoxíninnihald: 500 pg WHO-PCCD/F-TEQ/kg ⁽²⁾	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 560	Náttúrlegar blöndur steatíts og klóríts	Náttúrlegar blöndur steatíts og klóríts, án asbests: lágmarkskröfur um hreinleika blandanna 85%.	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 561	Vermikulít	Náttúrulegt magnesíum-, ál- og járn-silíkat, hitaþanið, án asbests. Hámarksfosfórinnihald: 0,3 % Hámarksdíoxíninnihald: ⁽¹⁾	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fôður	Án tímamarka
E 562	Sepíólít	Vatnað magnesíum-silíkat, upprunnið úr seti, sem inniheldur að minnsta kosti 60% sepíólít og 30% montmórrillónít að hámarki, án asbests	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	20 000	Allt fôður	Án tímamarka

EB-númer	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					mg/kg heilfóðurs			
E 563	Sepíólítkenndur leir	Vatnað magnesíumsilíkat, upprunnið úr seti, sem inniheldur að minnsta kosti 40% sepíólít og 25% illít, án asbests	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	20 000	Allt fóður	Án tímamarka
E 565	Lignósúlfönöt	— Hámarksdíoxíninnihald: (1)	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fóður	Án tímamarka
E 566	Natrólít-fónólít	Náttúruleg blanda álsilíkata, alkalís, jarðalkalís og álhýdrósilíkata, natrólíts (43 til 46,5%) og feldspats. Hámarksdíoxíninnihald: (1)	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	25 000	Allt fóður	Án tímamarka
E 598	Kalsíumálöt, nýmynduð	Blanda kalsíumálata sem inniheldur milli 35 og 51% Al ₂ O ₃ . Hámarksbólýbdeninnihald: 20 mg/kg Hámarksdíoxíninnihald: (1)	Alifuglar	—	—	20 000	Allt fóður	Án tímamarka
			Kanínur	—	—	20 000	Allt fóður	Án tímamarka
			Svín	—	—	20 000	Allt fóður	Án tímamarka
			Mjólkurkýr	—	—	8 000	Allt fóður	Án tímamarka
			Eldisnautgripir	—	—	8 000	Allt fóður	Án tímamarka
			Kálfar	—	—	8 000	Allt fóður	Án tímamarka
			Lömb	—	—	8 000	Allt fóður	Án tímamarka
			Kiðlingar	—	—	8 000	Allt fóður	Án tímamarka
E 599	Perlusteinn	Náttúrulegt natríumsilíkat og ál, hitaþanið, án asbests. Hámarksdíoxíninnihald: (1)	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Allt fóður	Án tímamarka

Nr. (eða EB- nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					mg/kg heilfóðurs			

Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni

3	Klínóptílólit úr gos- myndunum	Kalsíumhýdróálsílikat úr gosmynd- unum sem inniheldur minnst 85% klínóptílólit og mest 15% feldspat, glimmer og leir og er laust við trefjar og kvars. Hámarksblýinni- hald: 80 mg/kg. Hámarksdíoxíninnihald: ⁽¹⁾	Svín	—	—	20 000	Allt fóður	30.9.2000 ⁽³⁾
			Kanínur	—	—	20 000	Allt fóður	30.9.2000 ⁽³⁾
			Alifuglar	—	—	20 000	Allt fóður	30.9.2000 ⁽³⁾

⁽¹⁾ Efnákvæmt hámarksmagn hefur ekki verið ákvarðað, og þess er þörf, sem er byggt á fullnægjandi gögnum um tilvist díoxíns skal hámarksmagnið 500 pg WHO-PCCD/F-TEQ/kg gilda frá 15. október 2000.

⁽²⁾ Díoxíninnihaldið er summa fjölkloráðra díbensó-para-díoxína (PCDD) og fjölkloráðra díbensófúrana (PCDF) uppgæfið sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), þar sem styðjast ber við jafngildisstuðla WHO fyrir eitur frá 1977.

Innihaldið skal gefa upp sem efri styrkleikamörk sem eru reiknuð út frá því mati að öll gildi hinna ýmsu skyldu efna, sem eru undir greiningarmörkum, séu jöfn greiningarmörkunum.

⁽³⁾ Fyrsta leyfi: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1245/1999 (Stjtið. EB L 150, 17.6.1999, bls. 15).“